

Fundur Undirbúningsstjórnar um sameiningu Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps

Fimmti fundur haldinn á Zoom, miðvikudaginn 12. janúar kl. 13.

Mætt voru:

- Alma Dröfn Benediktsdóttir.
- Arnór Benónýsson.
- Helgi Héðinsson, formaður.
- Jóna Björg Hlökkversdóttir.
- Sigurður Böðvarsson.
- Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri
- Sveinn Margeirsson sveitarstjóri.
- Róbert Ragnarsson og Freyja Sigurgeirsdóttir frá RR ráðgjöf sem ritaði fundargerð.
- Árni Pétur Hilmarsson boðaði forföll.

Dagskrá

1. Ferli við val á heiti á sameinaðs veitarfélag

RR fór yfir minnisblað um verklag um val á nafni sameinaðs sveitarfélags. Leitað hefur verið rafrænna leiða til að kalla eftir tillögum íbúa og við val á heiti sveitarfélagsins.

Ákveðið hefur verið að safnað verði hugmyndum þar sem öllum gefst kostur á að senda inn tillögur á nafni nýs sveitarfélags, m.a með að safna hugmyndum í grunnskólum sveitarfélaganna. Undirbúningsstjórn fundar þegar söfnun á tillögum er lokið, fer yfir tillögurnar og velur 5-10 hugmyndir sem sendar verða til Örnafnanefndar til umsagnar.

Ráðgefandi skoðanakönnun verður lögð fram fyrir íbúa á þeim nöfnum sem hljóta samþykki Örnafnanefndar.

2. Staða á vinnu starfshópa

Umhverfi, skipulag, atvinnu og nýsköpun

Starfshópurinn hefur unnið að því að lista upp og skilgreina mál fyrir nýja sveitarstjórn. Starfshópurinn áætlar að klárar vinnuna á tveimur fundum og afurðin verður minnisblað eða minnisblöð með ólíkum viðfangsefnum.

Fræðsla-, félagsþjónusta og frístundir

Starfshópurinn skiptist í þrjá vinnuhópa. Vinnuhópur félagsþjónustumála hefur lokið gerð minnisblaðs og vinnuhópur tómstunda og frístunda hefur skilað skjali sem á eftir að stytta í minnisblað. Vinnuhópur fræðslumála áætlar að klára vinnuna og gerð minnisblaðs á 1-2 fundum.

Stjórnsýsla og fjármál

Starfshópurinn hefur klárað ýmis verkefni en mun þurfa að vinna önnur þeirra fram að staðfestingu ráðuneytisins.

I. Fjárhagsáætlun sameinaðs sveitarfélags

Búið er að sameina fjárhagsáætlanir beggja sveitarfélaganna.

II. Stjórnskipulag og mannauðsmál

Viðtöl voru tekin við starfsmenn stjórnsýslu fyrir jóla og drög að starfslýsingu lögð fyrir hvern og einn starfsmann sem á eftir að skýra betur. Áætlað er að fullmóta starfslýsingar og upplýsa starfsfólk og íbúa um stöðuna.

I. Kennitala

Ráðuneytið þarf að staðfesta sameininguna áður en sveitarfélagið fær nýja kennitölu.

II. Samþykkt um stjórn og fundarsköp

Helgi fór yfir drög að samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins. Ákveðið var að senda drögin til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins til umsagnar áður en samþykktin verður fullkláruð og send til staðfestingar ráðuneytisins.

RR falið að senda drögin til ráðuneytisins til yfirlestrar og umsagnar.

III. Staðfesting ráðuneytis

RR fór yfir drög að bréfi til ráðuneytisins með rökstuðningi um stjórnsýslutilraun skv. 132. gr. sveitarstjórnarlaga. Helga og starfsmönnum RR ráðgjafar falið að ljúka við uppsetningu bréfsins og senda ráðuneytinu til umsagnar.

IV. Heimasíða, lén og netföng

Alma fór yfir stöðu vefsíðu Skútustaðahrepps en drög að henni liggja fyrir. Vefsíðan verður sett í birtingu á næstu dögum og óskað eftir tillögum um ábendingar og athugasemdir. Sveini og Dagbjörtu falið að ræða við Kristinn Inga um tæknimál og samruna á vefsíðum sveitarfélaganna tveggja.

3. **Næsti fundur**

Næsti fundur nefndarinnar er 9. febrúar nk. en umræðuefni fundarins verður m.a. kynningarfundur fyrir íbúa um stöðu sameiningarinnar og vinnu undirbúningsstjórnar og starfshópa sem verður síðar sama dag. Sveitarstjórum, oddvitum og RR ráðgjöf falið að vinna efni og dagskrá fyrir kynningarfundinn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00.